

Ed.

518. Nefndarálit

[23. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 25 24. apríl 1974.

(Eftir 3. umr. í Nd., 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 491 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

57. gr. orðist svo:

Við bifreið, beltabifhjól eða dráttarvél má aðeins tengja einn tengivagn eða festivagn. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessum, ef sérstök nauðsyn er, enda komi samþykki vegamálastjóra til um akstur á vegum utan kaupstaða.

Skráningarskyldan tengi- eða festivagn má aðeins tengja við bifreið, beltabifhjól eða dráttarvél, sem til þess er talin hæf og hefur um það áritun í skráningarskírteini.

13. gr. hljóðar svo:

Ákvæði 4. gr. um skráningu beltabifhjóla koma til framkvæmda 1. júní 1976. Nægilegt er þó, að beltabifhjól, sem tekin hafa verið í notkun fram til 1. júní 1976, séu tilkynnt til skráningar fyrir 1. október 1976.

Ákvæði 10. og 11. gr. koma til framkvæmda 1. maí 1976.